

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2014

Efni: 143. löggjafarþing 2013–2014. Þingskjal 251 — 200. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn).

Íslensk málnefnd fagnar áhuga á íslenskum mannanöfnum og þeim lögum sem um þau gilda. Málnefndin leggst þó eindregið gegn fyrirbyggjandi frumvarpi á þingskjali 251, en lýsir sig reiðubúna til að taka þátt í heildarendurskoðun laga um mannanöfn. Mannanöfn eru mikilvægur þáttur íslensks máls og því skiptir máli að þau falli sem best að málinu og málkerfinu, en jafnframt að sem mest sátt ríki í málsamfélaginu um lög og reglur sem um þau gilda. Gildandi lög um mannanöfn eru hátt í 20 ára gömul og eðlilegt að endurskoða þau í ljósi gagnrýni sem fram hefur komið og breyttra viðhorfa í samfélaginu, m.a. í mannréttindamálum.

Á hinn bóginn varar Íslensk málnefnd við því að breyta einstökum ákvæðum gildandi laga eða fella þau brott án þess að skýr heildarhugsun liggi þar að baki. Þótt einstakir úrskurðir mannanafnanefndar hafi sætt gagnrýni er fráleitt að leggja nefndina niður og fella brott ákvæði um mannanafnaskrá en ætla ráðherra í staðinn að úrskurða um álitamál. Við slíka úrskurði hlyti ráðherra alltaf að þurfa að styðjast við vinnureglur og leita álits sérfróðra manna. Það er vandséð að betra samræmis yrði gætt í slíku kerfi eða meiri sátt yrði um úrskurði. Sú hefð að kenna sig við föður eða móður er ríkur þáttur íslensks máls og mikilvægt að leita leiða til að viðhalda henni eftir því sem kostur er án þess að brotið sé gegn jafnrétti borgaranna.

Mikil vinna lá að baki samningu gildandi laga á sínum tíma, og í þeirri vinnu tóku þátt bæði lögfræðingar og málfræðingar. Eigi að endurskoða lögin er nauðsynlegt að vandað verði til verka og sérfróðum mönnum á sviði íslensks máls, nafnfræði og mannréttinda falið að vinna að þeirri endurskoðun.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar,
Guðrún Kvaran
formaður